

Nd. **1112. Frumvarp til laga** [448. mál]

um málefni Arnarflugs hf.

(Eftir 2. umr. í Nd., 23. apríl.)

1. gr.

Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs er heimilt að veita Arnarflugi hf. sjálfskuldarábyrgð fyrir láni sem tekið verður til að bæta greiðslustöðu fyrirtækisins. Lánið má nema allt að 2,5 milljónum bandaríkjadala eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í íslenskum krónum. Jafnframt er heimilt að ríkissjóður taki þátt í greiðslu vaxta af láninu.

2. gr.

Skilyrði fyrir veitingu ríkisábyrgðar skv. 1. gr. eru þessi:

1. Fyrir liggja skilyrðislaus loforð um nýtt hlutafé í fyrirtækinu að fjárhæð a.m.k. 95 milljónir króna, verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu í apríl 1986.
2. Réttindi skv. kaupleigusamningi, sem Arnarflug hf. hefur gert um flugvélina TF-VLT (Boeing 737-205 C), skulu vera til tryggingar áhættu ríkissjóðs vegna ríkisábyrgðarinnar. Fjármálaráðherra ákveður nánar framkvæmd þessa ákvæðis og setur þá skilmála sem nauðsynlegir þykja til að draga úr áhættu ríkissjóðs.
3. Öll opinber gjöld við ríkissjóð, sem í vanskilum eru, verði greidd upp á næstu fjórum árum. Fjármálaráðherra er heimilt að semja um greiðsluhætti.
4. Enn fremur að uppfyllt verði önnur þau skilyrði sem nauðsynleg þykja að mati fjármálaráðherra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.